

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 935/2004 um innflutning gæludýra og hundasæðis.

1. gr.

Við 22. gr. bætist nýr liður:

- g) *Orthomyxoviridae*: Á síðustu þremur vikum fyrir innflutning skal taka blóðsýni til rannsóknna á mótendum gegn orthomyxoveirum (Avian influenza H5 og H7). Reynist sýnið jákvætt er innflutningur óheimill.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 19. gr. laga nr. 54/1990, um innflutning dýra, ásamt síðari breytingum og 17. gr. laga nr. 66/1998, um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Landbúnaðarráðuneytinu, 23. ágúst 2005.

F. h. r.

Ólafur Friðriksson.

Atli Már Ingólfsson.

6. september 2005

Nr. 818

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Garði.

Deiliskipulag norðan Brautarholts.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur bæjarstjórn Garðs þann 6. apríl 2005 samþykkt deiliskipulag norðan Brautarholts.

Deiliskipulagið tekur til svæðis norðan Brautarholts.

Greinargerð og uppdráttur hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Garði, 6. september 2005.

Sigurður Jónsson bæjarstjóri.

1. september 2005

Nr. 819

REGLUR

um breyting á reglum nr. 32/2005, um skattmat vegna tekna manna tekjuárið 2005, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað „60“, „71,30“ og „89,90“ í kafla 3.1. Frádráttur kostnaðar á móti ökutækjastyrk, kemur: „61,50“, „70,80“ og „89,20“.